

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastoun – júní 2020

Almennt atvinnuleysi breytist lítið, en fækkar hratt sem eru í minnkuðu starfshlutfalli

Almennt atvinnuleysi var 7,5% í júní og hefur haldist svipað síðustu 3 mánuði, en það var 7,4% í maí og 7,5% í apríl. Gera má ráð fyrir að það verði áfram svipað í júlí, eða á bilinu 7,3-7,7%, en hækki nokkuð í ágúst þegar áhrifa hópuppsagna á vormánuðum fer að gæta í atvinnuleysisstólum og verði þá á bilinu 8-9%.


Atvinnuleysi tengt minnkuðu starfshlutfalli hefur á hinn bóginn lækkað hraðar en ráð var fyrir gert og var komið niður í 2,1% í júní, samanborið við 5,6% í maí og 10,3% í apríl þegar það var hvað mest. Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi tengt þeirri leið fari niður undir 1% í júlí og lækki áfram niður í um hálf t prósent í ágúst.

Alls voru 16.165 einstaklingar atvinnulausir í almenna bótakerfinu í lok júnímánaðar og 6.742 í minnkaða starfshlutfallinu, eða samtals 22.907 manns. Meðalbótahlutfall þeirra sem voru í minnkuðu starfshlutfalli í júní var um 60%.

Hópuppsagnir

Aðeins bárust þrjár tilkynningar um hópuppsagnir í júní þar sem sagt var upp 147 manns. Sú hrina hópuppsagna sem hófst í mars tengt covid faraldrinum virðist þar með hafa gengið niður. Alls hefur um 7.400 manns verið sagt upp störfum í hópuppsögnum síðustu mánuði hjá um 110 fyrirtækjum, að stærstum hluta í ferðaþjónustu. Uppsagnir síðustu mánaða eru flestar að koma til framkvæmda nú frá maímánuði og fram í september. Nærrí 4.000 manns munu hafa lokið uppsagnarfresti í byrjun ágúst og um 1.300 að auki í september. Gera verður ráð fyrir að stór hluti þeirra muni sækja um atvinnuleysisbætur þegar þar að kemur.

Próun atvinnuleysis 2020 og spá fyrir júlí og ágúst



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 8.487 erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisráði í lok júní, 6.656 í almenna bótakerfinu og 1.831 að auki í minnkuðu starfshlutfalli. Hlutfall erlendra ríkisborgara á almennu skránni er nú um 41% líkt og það var í desember og fram í febrúar.

Áætlað atvinnuleysi erlendra ríkisborgara er um 21,5% á heildina lítið í júní, um 18,5% í almenna kerfinu og um 3,0% í minnkuðu starfshlutfalli.

Laus störf

Alls komu inn 244 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í júní. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf fyrir iðnaðarmenn eða 80 störf.

Þetta eru fleiri störf en auglýst voru hjá stofnuninni í sama mánuði fyrir ári.


Atvinnuástand eftir svæðum

Almennt atvinnuleysi eykst á Suðurnesjum

Samanlagt atvinnuleysi í almenna kerfinu og í minnkaða starfshlutfallinu fer lækkandi alls staðar á landinu sem skýrist fyrst og fremst af hratt minnkandi atvinnuleysi þeirra sem eru í minnkuðu starfshlutfalli. Á landinu öllu lækkar heildaratvinnuleysið úr 13,0% í 9,5% og á Suðurnesjum, þar sem atvinnuleysið er hvað mest, fer það úr 19,6% í 15,9%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá heildaratvinnuleysi eftir landshlutum og hvernig það skiptist í almennt atvinnuleysi og minnkað starfshlutfall.


Skipting atvinnuleysis í almennt og minnkað eftir landsvæðum



Hefðbundið atvinnuleysi helst á hinn bóginn lítið breytt í júní frá fyrri mánuðum, er nú 7,5%, var 7,4% í maí og 7,4% í apríl. Víðast hvar á landinu stendur það í stað eða minnkar nokkuð, nema á Suðurnesjum þar sem það eykst úr 12,2% í maí í 13,2% í júní og hefur raunar farið vaxandi jafnt og þétt allt þetta ár.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig hefðbundið atvinnuleysi hefur þróast eftir landsvæðum frá því í mars, þegar það var 5,7%, og fram í júní þegar það mældist 7,5%.

Þróun almenns atvinnuleysis eftir svæðum frá mars til júní



Sem fyrr segir er almenna atvinnuleysið mest á Suðurnesjum eða 13,2% og hefur farið vaxandi síðustu mánuði. Ljóst er að erfið staða flugrekstrar og ferðaþjónustu er að bitna hart á atvinnulífi Suðurnesja, sem birtist í að almennt atvinnuleysi er að aukast yfir sumarmánuðina, Atvinnuleysi tengt minnkuðu starfshlutfalli er enn hæst á Suðurnesjum, þó svo það hafi lækkað hratt síðustu mánuði líkt og annars staðar á landinu.

Þannig eru um 45% atvinnulausra á Suðurnesjum í almenna bótakerfinu að koma úr starfi tengt flugsamgöngum og ferðaþjónustu samanborið við um 30% atvinnulausra á landinu öllu. Þá eru um 65% þeirra sem enn eru atvinnulausir tengt minnkuðu starfshlutfalli úr ferðaþjónustu og flugrekstri samanborið við um 45% á landinu öllu.


Næst mest er almenna atvinnuleysið 7,8% á höfuðborgarsvæðinu þar sem það hefur staðið í stað síðustu mánuði. Á Suðurlandi er það 6,4% í júní og hefur einnig

breyst lítið síðustu mánuði. Á Norðurlandi eystra er almenna atvinnuleysið 5,1% í júní og hefur farið lækkandi síðan í apríl.

Á Vesturlandi er atvinnuleysið nú í júní 4,6% hefur verið svipað síðustu mánuði. Á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og á Austurlandi er almenna atvinnuleysið innan við 4,0% og hefur farið lækkandi síðan í apríl.

Atvinnuleysi er heldur meira meðal karla en kvenna á landinu öllu, eða 9,7% meðal karla (7,5% almennt atvinnuleysi) og 9,3% meðal kvenna (7,4% almennt).

Á Suðurnesjum er atvinnuleysið á hinn bóginn mun meira meðal kvenna en karla, eða 17,7% alls hjá konum, en 14,7% hjá körlum. Raunar er atvinnuleysi heldur meira meðal kvenna en karla alls staðar á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu og á Vestfjörðum, líkt og sjá má á meðfylgjandi mynd.



Minnað starfshlutfall

Fækkar hratt á hlutabótaleiðinni

Mjög hefur fækkað í hópi þeirra sem eru í minnkuðu starfshlutfalli. Alls fengu um **7.150** einstaklingar greiddar bætur í júnímánuði vegna minnkaðs starfshlutfalls og stærstur hluti þeirra eða **6.742** einstaklingar, voru í minnkuðu starfshlutfalli í lok mánaðarins. Alls voru um **2.500** fyrirtæki að nýta sér þessa leið í júnímánuði en þegar mest var nýttu sér um 6.500 fyrirtæki þessa leið.

Atvinnuleysi vegna þeirra sem skráðir voru í minnkað starfshlutfall í júní var **2,1%** og var það mest 2,6% á Suðurnesjum, 2,4% á Austurlandi og 2,3% á Suðurlandi. Lægst var það 1,4% á Vestfjörðum og á Norðurlandi eystra. Sú fækkun sem á sér stað í minnkuðu starfshlutfalli skýrist af nokkrum þáttum. Að hluta til er fólk að fara aftur í sitt fyrra starf og að hluta til á uppsagnarfrest, sem að hluta til kemur fram í hópuppsögnum. Þá hefur breyttur lagarammi leitt til þess að mörg fyrirtæki hafa ekki möguleika eða áhuga á að nýta sér þessa leið.


Fólki í minnkuðu starfshlutfalli hefur fækkað hratt í öllum atvinnugreinum frá apríl og fram í júní.

Mest hefur fækkað í farþegaflutningum úr um 2.200 manns í 54 í lok júní, í verslun og viðgerðarþjónustu úr um 6.800 í 901 í lok júní og í heilbrigðis- og félagsþjónustu og fræðslustarfsemi úr um 1.900 manns í 559 manns í lok júní.


Hlutfallsleg skipting hefur breyst nokkuð frá því nýting þessa úrræðis var í hámarki. Um 45% þeirra sem voru í þessu úrræði um minnkað starfshlutfall í lok júní voru starfandi í ferðarþjónustutengdum greinum. Hlutfallið var nokkru lægra í lok apríl eða um 37%, enda hefur fækkað mun hraðar í þessari leið í verslunarstarfsemi og fleiri atvinnugreinum.

Karlar eru um 58% þeirra sem nýta sér úrræðið sem er nokkru hærra en hlutfall þeirra á vinnumarkaði. Hlutfall yngsta aldurshópsins, 18-29 ára, fer lækkandi og hlutfall erlendra ríkisborgara hækkar lítið eitt.

Skipting minnkaðs starfshlutfalls á atvinnugreinar



Skipting minnkaðs starfshlutfalls eftir bakgrunni



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulausir í lok mánaðar

Hefðbundnir atvinnuleitendur þ.e. þeir sem ekki voru með minnkað starfshlutfall voru 16.165 í lok júní, 8.846 karlar og 7.319 konur. Hefðbundið atvinnuleysi, þ.e. án minnkaðs starfshlutfalls var 7,5% og jókst úr 7,3% í maí.

Alls voru 1.963 hefðbundnir atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok júní í ár sem samsvarar um 7,5% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað um 1.182 frá júní 2019 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldersbili var 781. Hins vegar fækkaði þeim um 179 frá maí s.l.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.700 hefðbundnir atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní, en 1.264 í júnílok 2019. Hefur þeim því fjölgað um 1.436 milli ára og hefur fjölgað síðustu þrjá mánuði sem rekja má að einhverju marki til falls Wow air fyrir ári síðan.

Þeim sem verið hafa atvinnulausir í 6-12 mánuði fer einnig fjölgandi, voru 3.273 nú í lok júní en 1.531 fyrir ári.

Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í júní 2020 frá júní 2019. Mesta fjölgunin meðal hefðbundinna atvinnuleitenda var í gisti- og veitingaþjónustu og í farþegaflutningum. Þá fjölgaði atvinnuleitendum mikið í ýmis konar persónulegri þjónustu, í starfsemi félaga og menningarstarfi og í mannvirkjagerð.

Einna minnst hefur fjölgun atvinnulausra verið síðasta árið í sjávarútvegi, í heilbrigðisþjónustu, fræðslu-starfsemi og í upplýsinga- og fjarþjónustustarfsemi.


Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum mest meðal skrifstofufólks, vélafólks, starfsfólks við ýmis þjónustustörf og iðnaðarmanna. Minnsta aukningin eftir starfsstéttum var meðal starfsmanna í sjávarútvegi, verkafólks og sölu- og afgreiðslufólks.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 6.656 erlendir ríkisborgarar hefðbundnir atvinnuleitendur (án minnkaðs starfshlutfalls) án atvinnu í lok júní. Þessi fjöldi samsvarar um 18,5% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Í fyrra á sama tíma voru 2.578 erlendir ríkisborgarar án atvinnu og hefur þeim því fjölgað mikið frá júní 2019. Auk hefðbundinna atvinnuleitenda voru einnig erlendir ríkisborgarar á hlutabótaleið og má gera ráð fyrir að heildaratvinnuleysi erlendra ríkisborgara hafi verið nálægt 21,5% í júní.



Fjöldi atvinnalausra erlendra í ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok júní 2020



Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá hefur aukist nokkuð í júní frá því í maí þegar það var um 39%, en er nú nær 41% líkt og það var í desember og fram í febrúar. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá komu frá Póllandi eða 3.418, sem er um 51% allra


erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í júní gaf Vinnuálastofnun út 115 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 44 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 71 leyfi var framlengt.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júní 2020



Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í júní, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu sérfræðileyfi eða 42 leyfi. Þá voru gefin út 17 leyfi vegna fjölskyldusameiningar og eins 17 námsmannaleyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júní voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 55%. Um 21% vegna verkafólks og 10% vegna þjónustustarfa. Um 14% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 26 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júní 2020 með samtals 111 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 417 í júní á vegum 21 starfsmannaleigu. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 36%, 21% var frá Litháen og 16% frá Króatíu. Þeir sem eftir standa, eða um 27% starfsmanna, komu frá sjö öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júní voru gefin út 172 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júní 2020



fóru í atvinnuleit til Póllands eða 104 einstaklingar, 19 fóru til Litháen og 11 til Rúmeníu. Þá voru gefin út 38

vottorð til viðbótar til 16 annarra ríkja. Í júní komu fjórir einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slík vottorð frá öðrum EES-ríkjum.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í júní voru gefin út 47 U1 vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Tékklands (9), 6 vottorð voru gefin út til Póllands og 5 til Svíþjóðar. Þau sem eftir standa, eða 27 vottorð, voru gefin út til 12 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í júní

Alls komu inn 244 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júní. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf fyrir iðnaðarmenn eða 80 störf. Þá voru auglýst 58 störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og skyldum greinum og 49 störf fyrir verkafólk í þjónustu. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 84%. Annað eru átaksverkefni, reynsluráðningar eða störf fyrir fatlaða. Flest starfanna eða 23%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 21% á Suðurnesjum og 19% á Suðurlandi. Þá eru 36% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	23	9%
Þjónustustörf	21	9%
Afgreiðslustörf	13	5%
Iðnaðarmenn	80	33%
Verkafólk í þjónustu	49	20%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	58	24%
Samtals	244	100%

Sumarstörf námsmanna 2020

Vinnumálastofnun stýrir áttakinu sumarstörf námsmanna sem efnt er til í samvinnu við sveitarfélög og stofnanir ríkisins. Alls voru um 3.400 sumarstörf fyrir námsmenn úthlutað til sveitarfélaga og stofnanna og fengu hvor um sig 1.700 störf. Áhugi sveitarfélaganna var mjög mikill og lögðu þau fram óskir um 3.046 störf eða tæplega 1.400 fleiri störf en þeim var úthlutað.

Sveitarfélögin hafa sjálf séð um að auglýsa sumarstörf fyrir námsmenn á sínum heimasíðum og í gegnum alfred.is. Mjög mismunandi er eftir sveitarfélögum hvort þeim hafi tekist að nýta allar ráðningarheimildir. Nú hafa sveitarfélögin ráðið í um 1.452 störf af þeim 1.700 sem þeim var úthlutað en ekki hafa borist svör frá öllum sveitarfélögum við fyrirspurn VMST um nýtingu ráðningarheimilda. Því er ljóst að ákveðin sveitarfélög gátu ekki nýtt sér allar þær ráðningarheimildir sem þeim var úthlutað á sama tíma og önnur hafa komið á framfæri þörf sinni fyrir frekari ráðningarheimildir.

Stofnanir ríkisins óskuðu samtals eftir rúmlega 1.500 ráðningarheimildum, þannig að ekki kom til niðurskurðar á óskum þeirra. Stofnunum bárust rúmlega 10.000 umsóknir frá um 1.600 nemendum. Ekki hefur tekist að ráða í öll störfin og þar sem umsækjendur voru komnir með starf annars staðar. Það er því ljóst að ráðningarheimildir VMST hafa ekki verið fullnýttar og var því hægt að koma til móts við þau sveitarfélög sem óskuðu eftir fleiri ráðningarheimildum en þeim var úthlutað.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum